

Ed.

### 223. Nefndarálit

i málinu: Tillaga til þingályktunar um stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Vér, sem hin háttvirta efri deild kaus í nefnd til að ihuga mál þetta, höfum rætt það og athugað á nokkrum fundum og er álit vort á þessa leið.

Nefndin er öll á einu máli um það, að sem fullkomnust gagnfræðakensla sé einn meginþátturinn í alþýðumentun vorri, og þess vegna sé því fé vel varið, sem varið er til að verða við réttmætum óskum og þörfum þjóðarinnar í því efni. En sé á hinn bóginn litið á það, hvað gert hefir verið hin síðustu ár af hálfu þingsins til að efla gagnfræðakenslu í landinu, þá getum vér meðnefndarmenn h. flutningsmanns þessarar tillögu ekki verið honum alls kostar samdóma um, að brýna þörf beri til þess að stofna bráðlega gagnfræðaskóla á Ísafirði. Færum vér það til þess, að tveir gagnfræðaskólar eru fyrir, sem landssjóður kostar, auk skólans í Flensborg. Með þessum stofnunum vel úr garði gerðum, teljum vér þörf þjóðarinnar borgið að minsta kosti í bráðina.

Þótt flutningsmaður tillögunnar játi, að þetta hafi við nokkur rök að styðjast, getur hann ekki talið það ótímabæra eða óréttláta kröfu, sem þingsályktunin fer fram á, einkum þegar litið er á, hve Vestfirðingar eru afskiftir öðrum landsmönnum í öllum mentamálum. Á Vesturlandi er ekki ein einasta mentastofnun, og þar af leiðir, að Vesturland fer alveg á mis við þau mentunaráhrif, sem slíkar stofnanir hafa jafnan mest á þá, sem umhverfis þær búa.

En þrátt fyrir þennan meiningamun, vill flutningsmaður ekki rjúfa nefndina, það því síður, sem það er samhuga álit allrar nefndarinnar, að nokkuð megi þó bæta úr þeirri ósk, er kemur fram í tillögunni á annan hátt, að minsta kosti í bráðina.

Á síðustu árum hafa komið fram óskir frá landsmönnum, að landssjóður styrki að einhverju leyti unglingsfræðslu eða unglingsaskóla í landinu. Þessir skólar standa eins og mitt á milli barnaskólanna og gagnfræðaskólanna, hlutverk þeirra ætti að vera, að taka við þar sem barnaskólarnir eða fræðsla ungmenna fram að fermingaraldri hættir.

Þótt vænta megi, að fræðsla sú, er barnaskólarnir veita, verði fullkomnari hér eftir en hingað til, ef góðs árangurs má vænta af hinum nýju fræðslulögum, þá mun þó naumast mega við því búast, að sú fræðsla geri börn alment

fær um að ganga í gagnfræðaskólann án frekari undirbúnings, allra sízt þá nema í neðstu bekkina.

Meginþorri þeirra manna, sem hingað til hafa gengið í norðlenska gagnfræðaskólann og Flensborgarskólann, hafa verið bláfátækir menn, sem ekki hafa við annað haft að styðjast til námsins en handafla sinn, og má ætla að svo verði framvegis. Fyrir þennan fjölmenna flokk æskulýðsins íslenska er það mjög mikils vert, að hann eigi sem auðveldastan kost á því, að geta stytst sér námið á gagnfræðaskólunum með því að verða svo undirbúinn, að hann geti sezt í annan bekk þeirra. Hér koma unglingaskólarnir í góðar þarfir, og það ekki einungis sem undirbúningur undir efri bekk gagnfræðaskólanna, heldur og sem nokkurs konar undirbúningur undir lífið.

Á 15 til 18 ára aldrinum eru æskumenn vorir alment orðnir svo þroskaðir að skilningi og vitsmunum, að þeir, að öðru jöfnu, hafa yfirleitt meira gagn af eins árs námi en af tveimur og enda fleiri námsárum á 10 til 14 ára aldrinum. Er þetta eitt ærið meðmæli með því, að gera unglingum á þessu reki sem auðveldast að afla sér frekari mentunar en barnafræðslan fær veitt.

Í sambandi við þetta vill nefndin benda á það, að fjölgi þessum svo nefndu unglingaskólum, sem styrktir eru með landsfé, þá beri nauðsyn til að þeir séu háðir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar og kenslunni að svo miklu leyti sem unt er hagað svo, að hún geti gert nemendurna færa um að ganga í annan bekk gagnfræðaskólanna án mikillar aukafræðslu. Nefndin telur því rétt, að samin sé reglugjörð fyrir þessa skóla, er gangi í þessa átt. Með þessu móti yrðu unglingaskólarnir að miklu leyti sambandsliður milli barnaskólanna og gagnfræðaskólanna. En nefndin tekur það jafnframt fram, að hún ætlast ekki til, að slíkir unglingaskólar séu lögskipaðir, heldur að eins, að styrkur úr landssjóði til unglingaskóla þeirra, sem stofnaðir eru af frjálsum hvötum, sé bundin ákveðnum frekari skilyrðum, án þess þó að hefta góðan vilja landsmanna í þessu efni um skör fram. Hér er að eins um það að ræða, að þingið mæti réttmætum óskum þjóðarinnar með hollum ráðum og fjárstyrk, eftir því sem ástæður leyfa.

Nefndinni blandast ekki hugur um þörfina á þessum unglingaskólum og nytsemi þeirra, einkum í þéttbýlum og fjölmennum sjávarsveitum, og eins sjálfsagt eins og það er, að landssjóður styrki þá, eins sjálfsagt telur nefndin, að héruðin leggi sinn skerf að mörkum við þessa skóla.

Á Ísafirði hefir unglingaskóli eður framhaldsskóli af barnaskólanum fyrir sveina og meyjar úr kaupstaðnum og sýslunni verið haldinn undanfarna þrjá vetur á kostnað kaupstaðarins, og hefir, að því er flutningsmanni tillögunnar er kunnugt, borið góðan árangur. Nefndin virðir þessa viðleitni Ísafjarðarkaupstaðar mjög mikils og vill hlynna að henni.

Ísafjarðarkaupstaður hefir nýlega kostað afarmiklu fé til stækkunar barnaskóla síns, sem gerð var með sérstaku tilliti til þessarrar framhaldskenslu, og nú þarf hann aftur að stækka skólann um meira en helming til þess að geta fullnægt skyldum þeim, er fræðslulögin leggja honum á herðar. Þessi stækkun skólans kostar samkvæmt áætlun húsameistara Rögnvalds Ólafssonar alt að 50,000 krónum eða jafnvel meira, sé framhaldsskólanum ætlað rúm í húsinu. Auðvitað er þessi áætlun miðuð við nýtizku skólabygging með íbúð fyrir kennara ásamt öllum útbúnaði, baðherbergi, leikfímishúsi, sléidkenskustofu o. s. frv.

Nefndin leggur því til, að þingið veiti að þessu sinni 2000—2500 kr. hvort árið á næsta fjárhagstímabili til unglíngakenslu eða framhaldsskóla á Ísafirði, og er sú upphæð lítið meiri en til að launa kenslustarfið, verði þessi skóli sóttur framvegis eins og hingað til.

Háttvört deild vísaði til nefndarinnar í þessu máli Frumvarpi til laga um breyting á lögum um gagnfræðaskólann á Akureyri 10. nóvbr. 1903.

Frumvarp þetta fer fram á, að bæta einum kennara við skóla þennan og hækka laun hinna undirkennaranna. Flutningsmaður frumvarpsins lýsti því við 1. umræðu þessa máls, hve brýn nauðsyn væri á þessarri breytingu, og er nefndin honum samdóma um það; telur hún það sjálfsgöða skyldu þingsins, að birgja þessa sem aðrar kenslustofnanir landsins svo að kenslukröftum, að þær geti sómasamlega int af hendi hlutverk sitt. Eftir því sem aðsóknin er nú að skólanum, þar sem skifta verður bekkjum í deildir, þá veitir raunar ekki af tveim föstum kennurum í viðbót, en nokkuð bætti það úr, að einum kennara væri bætt við, og telur nefndin það alveg óhjákvæmilegt, með því allsendis er óvíst, að tímakensla fáist framvegis svo við megi hlíta. Auk þess er það um tímakensluna að segja, að hún getur aldrei orðið skólanum jafn holl til frambúðar og föst kensla, þar sem nota verður þá kenslukrafta, sem fáanlegir eru í þann og þann svipinn, án þess að nokkur trygging sé fyrir því, að þeir séu svo góðir sem vera skyldi og sannarlegt gagn skólans útheimtir. Í vetur eru yfir 90 nemendur í skólanum. Fyrsta bekk varð að skifta í tvær deildir, svo kenslan fer fram í 4 deildum, og búast má við að svo verði framvegis, jafnvel líklegt, að deildirnar verði fleiri, ef sama aðsókn helst eða heldur eykst. Nú eru því 144 kenslustundir á viku. Af þeim má ekki ætla föstu kennurunum þremur fleiri en tæpar 70, svo rúmur helmingur af allri kenslunni verður að vera tímakensla; nær slíkt engri átt og má ekki lengur við svo búið stauda. Nefndin leggur því til, að bætt sé við einum kennara og laun hans ákveðin 2000 kr. En þrátt fyrir þessa viðbót, kemst skólinn ekki af án tímakenslu með sömu aðsókn, en vitaskuld verður hún minni, svo að hér er ekki um alla þessa upphæð að ræða sem útgjaldaauka fyrir landssjóð.

Hitt atriðið, launahækkun hinna föstu kennara, telur nefndin að vísu á fullum rökum byggt, þegar á það er lítið, hve miklu dýrara lífsframbærni kennaranna er á Akureyri en á Möðruvöllum, þar sem skólinn var áður og kennararnir höfðu hærri laun. En þegar lítið er á fjárhag landsins og svo hitt, að bráðlega mun reka að því, að hækka verði alment laun kennaranna við aðra skóla landsins, þá telur meiri hluti nefndarinnar varhugavert, að hækka nú laun þessarar kennara einna, og vill fresta því í þetta sinn.

Nýmæli frumvarpsins í 2. gr., 5 króna gjaldið, fellst nefndin á, en vill hækka það í 6 krónur; verður gjaldið hið sama og nú fyrir heimavistina, en heimavistarveinar gjalda þá 1 krónu í skólasjóð eins og aðrir nemendur skólans, er ekki njóta heimavistarhlunnindanna.

Nefndin telur rétt, að taka upp öll lög frá 10. nóvember með þessum breytingum, og mun flutningsmaður frumvarpsins því taka frumvarp sitt aftur. Sama er að segja um þingsályktunartillöguna, að flutningsmaður mun taka hana

aftur. — En hins vegar mun nefndin flytja þá tillögu, er fjárlögin koma til deildarinnar, að til unglingskóla á Ísafirði séu veittar 2500 krónur.

Alþingi, 15. marz 1909.

Stefán Stefánsson,  
formaður.

Sigurður Stefánsson,  
skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.